

LEITAD LEIDA VIÐ AÐ AUKA ÚTBREIÐSLU BIRKISKÓGA

Jón Geir Pétursson, sérfræðingur, landnýtingarmál/ Head of Division, land use
Umhverfissráðuneytið, skrifstofa stefnumótunar og alþjóðamála

Umhverfissráðherra hefur ákveðið að hefja undirbúning verkefnis með það að markmiði að auka útbreiðslu birkiskóga, en talið er að um 97% þeirra birkiskóglenda sem hér voru við landnám hafi eyðst af mannavöldum.

Með verkefninu er stefnt að því að friða land fyrir beit í nágrenni birkiskóga, sér í lagi þar sem skógurinn getur breiðst út án verulegra annarra aðgerða en beitarfriðunar. Einnig getur í einhverjum tilvikum verið þörf á frekari aðgerðum, svo sem fræsáningu eða gróðursetningu. Slík skógrækt getur verið framkvæmd á landi í umsjón stofnana umhverfissráðuneytisins og mun verða unnin greining á möguleikum þess. Einnig verður lögð áhersla á að leita eftir samstarfi við landeigendur um friðun lands frá beit í nágrenni birkiskóga/skógarleifa þar sem skógurinn geti fengið að breiðast út. Þetta eru eðlilega langtímaaðgerðir, þar sem miðað er við að tekin séu fyrir stór samfelld svæði.

Skógrækt ríkisins er falin umsjón með verkefninu í nánú samstarfi við Landgræðslu ríkisins. Munu stofnanirnar vinna tillögur að svæðum og aðgerðum við mögulega endurheimt og ræktun birkiskóga og hafa samstarf og samráð við aðra aðila eftir því sem við á í hverju tilviki. Í þessu verkefni má til að mynda líta til verkefnisins Hekluskóga og árangurs þess.

Aðgerðir til að auka útbreiðslu birkiskóga falla vel að áherslum umhverfissráðuneytisins í mörgum málaflokkum, ekki síst skógræktar-, náttúruverndar- og loftslagsmálum.